

Samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

3. fundur haldinn í Borgartúni 3, Reykjavík, föstudaginn 24. ágúst 2007 kl. 13.10

Eftirtaldir nefndarmenn sátu fundinn:

Reykjavík: Hanna Birna Kristjánsdóttir og Dagur B. Eggertsson. Kópavogur: Einar Kr. Jónsson og Jón Júlíusson. Hafnarfjörður: Gísli Ó. Valdimarsson og Rósa Guðbjartsdóttir. Garðabær: Stefán Snær Konráðsson og Arinbjörn Vilhjálmsson. Mosfellsbær: Finnur Birgisson og Haraldur Sverrisson. Álftanes: Kristinn Guðlaugsson. Kjós: Sigurbjörn Hjaltason. Fulltrúar Skipulagsstofnunar tilkynntu forföll.

Auk þess sátu fundinn: Haraldur Sigurðsson Reykjavík, Smári Smárason, Kópavogi, Þórarinn Hjaltason, Kópavogi og Guðmundur Malmquist SSH sem ritaði fundargerð.

Hanna Birna Kristjánsdóttir formaður Samvinnunefndar um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins setti fund og stjórnaði honum.

1. Lögð var fram fundargerð 2. fundar frá 10. ágúst sl. sem var samþykkt.
2. Breyting á svæðisskipulagi vegna Glaðheimalóðar.
Formaður kynnti tillögu um heimild til Kópavogs að senda til kynningar tillögu um verulega breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins vegna Glaðheimalóðar í Kópavogi. Hún gaf síðan orðið til fulltrúa Kópavogs á fundinum. Smári Smárason gerði grein fyrir fundi með skipulagsstjórum sem haldinn var í gær og helstu breytingum sem orðið hafa síðan samvinnunefndin kom síðast saman fyrir hálfum mánuði
Fulltrúar Garðabæjar lögðu fram eftirfarandi bókun vegna málsins:
“Fulltrúar Garðabæjar fallast á að heimild verði veitt til kynningar á tillögu að breytingu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2002-2024 skv. 1. málsgrein 13. greinar skipulags- og byggingarlaga en leggja um leið áherslu á að framkvæmdir á Glaðheimasvæðinu haldist í hendur við uppbyggingu umferðarmannvirkja.
Garðabær fer fram á það, áður en tillagan verður lögð fram til samþykktar eftir kynningu, að fyrir liggi eftirfarandi gögn:
Áætlun Kópavogsbæjar um hvernig samræma megi framkvæmdir á Glaðheimasvæði við uppbyggingu umferðarmannvirkja þannig að ekki myndist umferðaröngþveiti til lengri eða skemmri tíma.
Umsögn Vegagerðar um tillöguna og áhrif hennar á uppbyggingu vegakerfisins.”
Samþykkt var að heimila Kópavogi að kynna verulega breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2002-2024, sbr. 1. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga.
3. Stefnt er að halda næsta fund eftir þrjár vikur enda hafi almenn kynning þá farið fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.35